

Ed.

651. Nefndarálit

[182. mál]

um frv. til laga um saltverksmiðju á Reykjanesi.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur athugað frumvarp til laga um saltverksmiðju á Reykjanesi. Nefndin hefur leitað umsagnar um frumvarpið og rætt við verkfræðingana dr. Vilhjálm Lúðvíksson og Baldur Línal. Þá hefur nefndin fengið skýrslur, bæði frá Rannsóknaráði ríkisins og iðnaðarráðuneytinu, svo og ýmis skjöl um söluhorfur á framleiðslu slíkrar verksmiðju.

Meiri hl. iðnaðarnefndar mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Hlutafélagið skal láta endurskoða þær niðurstöður, sem fyrir liggja. Það skal framkvæma eða láta framkvæma hvers konar viðbótarrannsóknir, sem það telur nauðsynlegar til undirbúnings að byggingu og rekstri saltverksmiðju, m. a. skal félagið láta reisa og reka tilraunaverksmiðju. Þá skal undirbúningsfélagið láta framkvæma ítarlegar markaðsathuganir. Skal að því stefnt, eftir því sem fært þykir o. s. frv.
2. Við 7. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
Framkvæmdir undirbúningsfélagsins og hönnun saltverksmiðjunnar, bygging og rekstur, skulu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi náttúruvernd, mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og staðla þá, sem settir eru samkvæmt þeim.
3. Fyrirsögn frv. verði:
Frumvarp til laga um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi.

Alþingi, 5. maí 1976.

| | | |
|--|-------------------------------|----------------------------|
| Steingrímur Hermannsson, form., frsm. | Ingi Tryggvason, fundaskr. | Albert Guðmundsson. |
| Stefán Jónsson. | Eggert G. Þorsteinsson. | Þorv. Garðar Kristjánsson. |